

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs

haldinn á Kirkjubæjarklaustri
22. október 2014

1. Setning

Gunnar Egilsson, formaður SOS, setti fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ásgeir Magnússon og Eygló Kristjánsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfanefnd

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Gunnar Egilsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar og byrjaði á að kynna núverandi stjórn. Fjórir formlegir fundir hafi verið haldnir á árinu auk aðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem verið hafa á döfinni. Framkvæmdastjórinn hætti á árinu og hefur ekki verið ráðinn annar í hans stað.

Helstu verkefni ársins voru samningaviðræður við Sorpu bs um eyðingu blandaðs úrgangs en ekki hefur verið gengið frá þeim málum. Rætt hefur verið við forráðamenn Sveitarfélagsins Ölfuss um hugsanlegan úrgangsmeðhöndlunarstað á Nessandi en ekki er komin niðurstaða í málið. Komandi urðunarstaður þarf að geta tekið á móti 12-13 þúsund tonnum af úrgangi af Suðurlandi á ári. Á árinu var frágangur við urðunarsvæði við Kirkjuferju lokið, aðstöðuhús, troðari, gámar o.fl. var selt.

Sorpstöð Suðurlands á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi, fyrirtækið á við rekstrarerfiðleika að stríða og sýnt að auka þarf hlutafé í hlutafélagið.

Að lokum nefndi hann að úrgangsmeðhöndlun er á tímamótum á Suðurlandi. Sameining á SOS og SORPU er í undirbúningi en ekki er séð fyrir endann á þeirri vinnu því þarf að undirbúa framlengingu á samningi um sorpurðun.

5. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður kjörbréfanefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu stjórnar fyrr á fundinum.

b) Endurskoðaðir reikningar 2013

Gunnar Egilsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2013, þar kom fram að rekstrarhagnaður er rúmlega 11,3 m.kr.

Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2015

Gunnar Egilsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 102 m.kr. og rekstrargjöld um 98 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lagt er til að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Aldís Hafsteinsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að ráðstafa hagnaði ársins 2014 til aðildarsveitarfélaga sem nýta munu fjármunina til kynningar og fræðslu á sviði sormála. Skiptin verði í hlutfalli við eignarhald hvers aðildarsveitarfélags. Sveitarstjórnir skili skýrslu um ráðstöfun fjármagns til SOS.“

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust:

Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Egilsson og Gunnstein R. Ómarsson tóku til máls.

Var rætt um viðræður við SORPU og staðsetningu nýs urðunarstaðar fyrir sorp af Suðurlandi.

8. Afgreiðsla á tillögum c, d og e

c) Lagt var til að fjárhagsáætlun 2015 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt var til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga frá aðildarsveitarfélögum var samþykkt fyrr á fundinum.

9. Kosningar

i) Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögu kjörnefndar að stjórn Sorpstöðvar Suðurlands.

Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi

Ásta Stefánsdóttir, Árborg

Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði

Ari Thorarensen, Árborg

Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahr.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, Árborg

Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Sveinn Steinarsson, Ölfusi

Gunnar Egilsson, Árborg

Tillaga að stjórn var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Lagt er til að Jón G. Valgeirson verði formaður. Var það samþykkt samhljóða.

ii) Tveir skoðunarmenn ársreikninga og 2 til vara.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögu kjörnefndarinnar að skoðunarmönnum Sorpstöðvar Suðurlands.

Skoðunarmenn:

Kristófer A. Tómasson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Haraldur Eiríksson, Rangárþingi ytra.

Til vara:

Egill Sigurðsson, Ásahreppi

Valtýr Valtýsson, Bláskógabyggð

Tillaga að skoðunarmönnum var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Gunnar Egilsson, formaður, þakkaði fráfarandi stjórn samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Einnig þakkaði hann starfsmönnum og fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi.